



Reykjavík, 20. mars 2019  
SFS2017100143  
158. fundur  
HG/img/ehp

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Beiðni um breytt framlag vegna opunar ungbarnadeildar í Barnaheimilinu Ósi*

Með bréfi, dags. 11. mars 2019, fer Barnaheimilið Ós fram á að heimilað verði að bæta við ungbarnadeild í leikskólanum. Farið er fram á að þar geti verið 7 börn frá 12 mánaða aldri.

Samkvæmt rekstrarleyfi sem gefið var út 22. nóvember 2017 er heimilt að vera með 48 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Verði beiðni um breytt rekstrarleyfi samþykkt verður heimilt að vera með 7 börn á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða og jafnframt 41 barn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára.

Nú er heimilt er að greiða til Barnaheimilisins Óss framlag vegna 48 reykvískra barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára.

Ef beiðni um breytt rekstrarleyfi verður samþykkt er með vísan til breyttrar samsetningar barnahópsins, lagt til að gerð verði breyting á framangreindum samningi með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna 41 reykvísks barns á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Jafnframt verði gerður samningur á forsendum samnings vegna yngri barna á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða þar sem fram kemur að heimilt verði að greiða framlag vegna 7 barna á aldrinum 12 til 18 mánaða, sjá meðfylgjandi fylgiskjal.

Mismunur á áætluðu framlagi til leikskólans Óss yrði því kr. 1.8 milljónir lægri á ársgrundvelli þar sem stuðull breytist frá 1,15 í 2,15.

Tryggt verði að þrátt fyrir opnun ungbarnadeildar verði fylgt kennitöluröð við innritun í leikskólann með þeim hætti að elstu börnin verði innrituð fyrst.